Fjölbrautaskólinn við Ármúla:

Brautskráning 36 nýstúdenta

ÞRJÁTÍU OG SEX stúdentar brautskráðust frá Fjölbrauta skólanum við Ármúla fimmtudaginn 20. desember. Af nýstúdentunum eru 17 af viðskiptasviði, 9 af félagssviði, 4 af félagssviði, 4 af málabraut, 4 af náttúrufræðibraut og 2 af íþróttabraut. Brautskráningin fór fram í Langholtskirkju.

Dux scholae varð Guðbjörg A. Guðmundsdóttir af náttúrufræðibraut og hlaut hún jafnframt verðlaun fyrir góðan árangur í tölvufræði. Aðrir sem viðurkenningu hlutu voru Anna María Jónsdóttir fyrir góðan námsárangur í dönsku og stærðfræði, Halla Árnadóttir fyrir góðan árangur í samfélagsgreinum og Jón Örn Brynjarsson fyrir viðskiptagreinar.


Á haustönn tók Fjölbrautaskólinn við Ármúla við starfsemi Sjúkraliðaskóla Íslands og var 41 nemandi á nýju sjúkraliðabrautinni. Einnig hófst í haust kennsla fyrir aðstoðarfólk tannlækna og er sú braut rekin í samvinnu við tannlæknadeild Háskólans. Kennarar við skólann eru 60 og nemendur á haustönn voru 760 talsins.



Fjölbrautaskólinn við Ármúla brautskráði 36 stúdenta í Langholtskirkju á fimmtudaginn.

Bók um ritun eftir Ólaf M. Jóhannesson


ÞAÐ er leikur að skrifa heitir bók eftir Ólaf M. Jóhannesson, sem Iðnskólaútgáfan-IÐNÚ gefur út. Bókinni er ætlað að örva menn til að takast á við fjölbreyttar ritsmíðar og opna þannig leið að upplýsingasamfélaginu.



Ólafur M. Jóhannesson.

Í bókinni **Það er leikur að skrifa** er fjöldi verkefna og dæma sem eiga að auðvelda mönnum að fást við hvers kyns greinaskrif í dagblöð og tímarit. Kaflaheiti bókarinnar gefa hugmynd um fjölbreytnina: Fyrirsagnir, uppbygging greina og fréttapistla, frágangur og uppsetning, siðareglur og meiðyrðalöggjöf, gagnrýni, minningargreinar, íþróttalýsingar, fréttatilkynningar, kjallaragreinar og lesendabréf, slúðurdálkar, forystugreinar og að lokum er kafli um viðtöl.

Höfundurinn Ólafur M. Jóhannesson hefur fengist við íslenskukennslu og greinaskrif um árabil og sameinar hér á einum stað þessa reynslu.



Sálarskipið, 1989-1990. Eitt af verkum Gísla á sýningunni.

Kjarvalsstaðir:

Sýningu Gísla Sigurðssonar lýkur um helgina

MÁLVERKASÝNINGU Gísla Sigurðssonar sem staðið hefur í austursal Kjarvalsstaða síðan 8. desember lýkur á sunnudag, Þorláksmessu, kl. 18.

Á sýningunni eru 55 olíumálverk, stærst þeirra er myndröð byggð á Sólarljóðum. Yrkisefni Gísla eru að öðru leyti bæði úr fortíð og samtíð, það er landið sjálft og lífið nú og þegar litið er til uppvaxtarára málarans. Þetta er 9. einkasýning Gísla og um leið sú þriðja, sem hann heldur á Kjarvalsstöðum.

Öll ljósmyndatímarit Evrópu sameinuðust í leit að bestu myndavél ársins.

Að lokum var aðeins ein vél eftir.



Niðurstaðan gat ekki farið á annan veg. PENTAX er frumkvöðull í framleiðslu „compact" myndavéla með súmlinsu. Í umsögn dómnefndar segir: „Pentax Zoom 105 Super, er fyrirferðarlítil en býður þó þrefalt súm, nærmyndatökur og margar tækninýjungar er auðvelda myndatökur. Myndgæði eru frábær".

Myndavél ársins í Evrópu 1990-1991.

En láttu ekki dómnefnd ljósmyndatímaritanna eina um málið. Prófaðu sjálf (ur). Okkur grunar að þú verðir sammála.

Engin önnur „compact" myndavél getur keppt við Pentax.

LJÓSMYNDAVÖRUR

Skipholti 31 - Sími 680450

Einnig fást PENTAX myndavélar hjá: Heimilistækjum í Kringlunni, Fuji framköllunarfyrirtækjum um allt land, Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli og víðar.

PENTAX

ZOOM 105 Super

Auglýsingastofan